

Aðgengi að upplýsingum

Byltingin í aðgengi að upplýsingum og afþreyingu fyrir blinda og sjónskerta eldri borgara á Íslandi

Kristinn Halldór Einarsson

12/3/2014

Skýrsla um tvö stór upplýsingaaðgengisverkefni Blindrafélagsins, þar sem sjónum var sérstaklega beint að þörfum og aðstæðum eldra blinda og sjónskerts fólks.

Neyðarástand

Árið 2008 var vaxandi umræða meðal blindra og sjónskertra einstaklinga á Íslandi um að þeir íslensku talgervlar sem þá voru tiltækir úreltust hratt. Hvað var til bragðs að taka? Íslenskt málsamfélag er svo fámennt (heildarmannfjöldi á Íslandi er um 320 þúsund og aðeins hluti þeirra notast við talgervil), að ekkert af þeim fyrirtækjum sem framleiða talgervla myndi smíða íslenskan talgervil á forsendum markaðarins. Til að fá nýjan, íslenskan talgervil var því þörf á að einhver gengist í ábyrgð fyrir að greiða þann kostnað sem af verkefninu hlytist. Hver átti að gera það á tímum allsherjar fjármálahruns á Íslandi, því versta í fjármálasögu landsins?

Aukin einangrun eldri borgara

Í sérstakri umfjöllun á vef NVC má lesa um rannsókn þar sem m.a. er greint frá því að eldra fólk sem ekki er vel tölvulæst fer á mis við þá miklu samskiptabyltingu sem internet, snjallsímar og samfélagsvefsvæðin hafa í för með sér. Afleiðingarnar eru aukin einangrun þessa fólks. Jafnframt er þjónusta, bæði hins opinbera og einkaaðila, að færast í síauknum mæli af skristofunni yfir á veraldarvefinn og án aðgengis að honum fara notendur í síauknum mæli á mis við að geta nýtt sér þjónustuna. Til að tryggja að svo verði ekki, er tilvist nútíma talgervils algjör nauðsyn. En hverjar skyldu afleiðingarnar vera á lífsgæði eldra fólks sem ekki er tölvulæst og hefur tapað eiginleikanum til að lesa af völdum sjónskerðingar?

Miðjusjónin hverfur og þar með eiginleikinn til að lesa

AMD er langalgengasta orsök sjónskerðingar í okkar heimshluta. Á Íslandi eru yfir 70% þeirra sem eru blindir og sjónskertir eldri en 68 ára. Flest þetta fólk hefur misst sjón af völdum AMD, en sjónskerðing af völdum AMD lýsir sér meðal annars í því að miðjusjónin hverfur og þar með eiginleikinn til að lesa.

Lausnin

Á heimsþingi World Blind Union (WBU) í Genf árið 2008 voru nokkur fyrirtæki með bása þar sem þau kynntu hjálparbúnað fyrir blint og sjónskert fólk. Meðal þessara fyrirtækja var Solutions Radio (SR) frá Hollandi. SR kynnti Daisy streymis-netspilara, sem getur í gegnum nettengingu veitt aðgang að upplýsingum og efni fjölmiðla, efni sem að miklu leyti er óaðgengilegt eldra blindu og sjónskertu fólki sem ekki er vel tölvulæst.

Til að hægt sé að bjóða þessum hópi fólks þjónustu á íslensku þarf íslenskan nútíma talgervil sem keyrt getur á öllum helstu stýrikerfum - eitthvað sem ekki var til á þessum tíma.

Smíði á nýjum talgervli

Árið 2010 ákvað Blindrafélagið að við svo búið mætti ekki lengur standa. Félagið ákvað að gangast fyrir smíði á nýjum íslenskum talgervli. Hafin var vinna við að leita að heppilegasta framleiðandanum, kalla til æskilega samstarfsaðila og skipuleggja fjármögnun verkefnisins. Ljóst var að þetta yrði eitt stærsta og flóknasta verkefni sem félagið hefði tekist á hendur.

Verkefninu var hleypt af stokkunum sumarið 2010 undir yfirskriftinni „Bætt lífsgæði - íslensk málrækt“. Þessari yfirskrift var ætlað að stuðla að því að almenningur sæi smíði og tilvist vandaðs, íslensks talgervils sem þjóðarverkefni en ekki einkamál þeirra sem ekki geta lesið með hefðbundnum hætti. Vel tókst til við að tryggja breiðan hóp samstarfsaðila, meðal annars úr fræðasamfélagi íslensks máls og tölvutækni. Þessi breiða samstaða stuðlaði síðan að því að vel gekk að fjármagna verkefnið, en heildarkostnaður þess var um 500 þúsund evrur.

Að undangengnum fyrirspurnum, gæðamati og verðkönnun meðal allra helstu talgervilsframleiðenda sem áhuga höfðu á að takast á við verkefnið, og út frá þeim meginskilgreiningum sem settar voru fram fyrir nýjan, íslenskan talgervil, var pólska fyrirtækið [Ivona](#) valið til að smíða talgervilinn. Bresku blindrasamtökin (RNIB) hafa átt mjög gott samstarf við þetta fyrirtæki og sótti Blindrafélagið m.a. ráðgjöf til RNIB. Ivona fyrirtækið hefur einnig unnið til verðlauna fyrir talgervla sína á sýningum á undanförunum árum.

Gengið var frá samningum í mars 2011 og á miðju ári 2012 voru tvær íslenskar Ivona raddir, Dóra og Karl, tilbúnar til notkunar. Samstarfið við Ivona var eins og best var á kosið.

Vefvarpsþjónusta Blindrafélagsins



Forsagan:

Þegar fyrir lá að nýjar íslenskar talgervilsraddir væru komnar fram á sjónarsviðið ákvað Blindrafélagið að ganga til samstarfs við hollenska fyrirtækið Solutions Radio um smíði á lausn sem myndi stórbæta aðgengi eldra blinda og sjónskerts fólks að upplýsingum og afþreyingu. Sumarið 2012 var verkefnið ræst með heimsókn í höfuðstöðvar Solutions Radio í

Delf í Hollandi. Þar voru lögð drög að þeirri þjónustu sem skyldi boðin í gegnum vefvarpið.

Vefvarpsþjónustan er gagnvirkur aðgangur, gegnum vefvarpstækið og nettengingu, að fjölbreyttu úrvali upplýsinga og afþreyingar sem er að mestu óaðgengilegt eldra blindu og sjónskertu fólki sem ekki er vel tölvulæst. Sjálft tækið er auðstýranlegur Daisy spilari (Digital Accessible Information System).

Vefvarpsþjónusta Blindrafélagsins notast við íslenska talgervilinn frá Ivona. Hægt er að tengja vefvarpið þráðlaust og það er tilbúið til notkunar hvenær sem er. Hvert tæki hefur sína IP-tölu og hægt er að stýra efnisaðgangi fyrir hvert og eitt tæki.

Hvað er hægt að hlusta á í gegnum vefvarpið?

Hægt er að gera efni af mjög fjölbreyttum toga aðgengilegt í gegnum vefvarpið. Sumt efni er gert aðgengilegt án mikillar fyrirhafnar, eins og mp3 skrár og útvarpsstöðvar. Annað efni krefst nokkurs undirbúnings og samstarfs við eigendur efnisins. Stærstu og flóknustu verkefnið varðandi vefvarpsþjónustu Blindrafélagsins voru að búa til talandi útgáfur af prentmiðlum og að smíða hugbúnað sem heldur utan um aðgang að hljóðbókasafni [Hljóðbókasafns Íslands](#).

Efnisyfirlit vefvarps Blindrafélagsins

Frá Blindrafélaginu:

- Tilkynningar og fréttir frá Blindrafélaginu.
- Valdar greinar, hljóðtímarit Blindrafélagsins, kemur út aðra hverja viku.
- Víðsjá, lesin útgáfa af tímariti Blindrafélagsins, kemur út tvisvar á ári.
- Sérstakt svæði fyrir stjórnarmenn þar sem þeir geta nálgast lesnar útgáfur af fundargögnum.

Frá þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga:

- Tilkynningar og fréttir.
- Fróðleikur um augnsjúkdóma.

- Upplýsingar um þjónustu miðstöðvarinnar.

Frá Hljóðbókasafni Íslands:

- 7000 íslenskir hljóðbókatitlar.
- 250 - 300 nýjar hljóðbækur á ári.
- Skáldsögur í vali fyrir grunnskóla.
- Flestar kennslubækur fyrir framhaldsskólanema.
- Mikið af erlendum námsbókum fyrir háskólanema.
- Aðgangur að bókakosti hljóðbókasafna Norðurlandanna í gegnum norrænt samstarf.
- Hægt er að velja bækur inn á persónulega bókahillu vefvarpsins:
 - í gegnum heimasíðu safnsins,
 - með því að hringja í safnið og/eða
 - velja af tveimur listum sem eru í vefvarpinu; nýjar bækur og þemabækur mánaðarins.

Dagblöð, tímarit og vefmiðlar:

- Lesin útgáfa af öllu efni Morgunblaðsins, annars af tveimur dagblöðum gefnum út á Íslandi.
- Lesin útgáfa af öllu efni Fréttatímans, vefmiðils sem jafnframt kemur út sem prentmiðill vikulega.
- Lesin útgáfa af Víðsjá, tímariti Blindrafélagsins, gefið út tvisvar á ári.
- Valdar greinar, hljóðtímarit Blindrafélagsins, gefnar út aðra hverja viku.
- Lesin útgáfa af öllu efni tímarits ÖBÍ, tímaritið kemur út tvisvar á ári.

Útvarpsstöðvar og hlaðvarp:

- Allar innlendar útvarpsstöðvar.
- Þúsundir erlendra útvarpsstöðva sem hægt er að setja inn á einstök vefvarpstæki.
- Ýmis hlaðvörp.

Sjónvarpstextar:

- RÚV. Sjónvarpstextar eru lesnir upp af talgervilsrödd í rauntíma og í sinki við mynd. Um 50% af sjónvarpsefni á Íslandi er með erlendu tali og texta. Þessi nýjung er einstaklega mikilvæg fyrir eldra fólk á Íslandi sem vill horfa á sjónvarp. Oft er hér um að ræða fólk með takmarkaða kunnáttu í erlendum tungumálum, og þegar það getur ekki lengur lesið skýringatexta á erlendu sjónvarpsefni getur það ekki notið nær helmings þess efnis sem boðið er upp á í íslensku sjónvarpi. Með tilkomu sjónvarpstextunar í gegnum Solutions Radio tækið opnast nýr heimur afþreyingar fyrir þennan hóp.

Dreifing á vefvarpinu

Vefvarpið flokkast sem hjálpartæki. Því er dreift í gegnum þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, sem annast alla umsjón með mati og dreifingu hjálpartækja fyrir þennan hóp. Þeir sem eru undir tilteknum sjónskerðingarmörkum fá vefvarpið og alla þjónustu þess án endurgjalds. Þeir sem ekki uppfylla skilyrði um gjaldfrjálsa úthlutun eiga þess kost að leigja vefvarpstæki og fá aðgang að þjónustunni gegn vægu gjaldi. Í upphafi ársins 2014 hafa um 20% félagsmanna Blindrafélagsins fengið vefvarpstæki. Gerðir hafa verið samningar við íslensk símafélög um hagstætt

verð á internettingu. Eitt þeirra býður meira segja upp á ókeypis tengingu á vefvarpinu. Mun fleira ungt og vel tölvulæst fólk en reiknað var með í upphafi, nýtir sér vefvarpið.

Væntingar

Reiknað er með áframhaldandi þróun á vefvarpsþjónustu Blindrafélagsins og að áfram verði haldið að bæta við nýju efni. Í ekki of fjarlægri framtíð vonumst við til þess að:

- Fjölga hlaðvarps valkostum og bæta aðgengið að þeim.
- Fjölga dagblaða, tímarita og vefmiðla valkostum.
- Vefvarpstækin verði fáanleg með rafhlöðu.
- Tækin geti tekið á móti tölvupósti sem verði lesinn af talgervilsrödd og notendur geti svarað með því að senda til baka upptekið svar sem mp3 hljóðskrá.
- Nota gagnvirkni vefvarpsins til að gera viðhorfskannanir og jafnvel kjósa í rafrænum kosningum.

Verkefnisstjóri var Kristinn Halldór Einarsson formaður Blindrafélagsins.

Talgervilsverkefni Blindrafélagsins - Ítarefni

Snemma árs 2010 tók stjórn Blindrafélagsins þá ákvörðun að eiga frumkvæði að því að láta smíða nýjan, íslenskan talgervil. Tvær nýjar íslenskar raddir, kvenmannsröddin Dóra og karlmannsröddin Karl, voru tilbúnar til notkunar um mitt ár 2012.

Talgervlar eru lykilbúnaður til að gera tölvutækni aðgengilega blindum og sjónskertum einstaklingum, auk þess sem þeir gagnast lesblindum afar vel. Fólk sem ekki glímir við lestrarerfiðleika er svo almennt farið að nýta sér talgervla í síauknum mæli, t.d. til þess að geta hlustað á fréttir eða tölvupóst í bílum sínum á leiðinni til og frá vinnu.

Ákvörðunin var tekin í ljósi þess að þáverandi íslenskir talgervlar voru að verða úreltir og gátu ekki unnið á þeim stýrikerfum sem þá höfðu, eða voru að ryðja sér til rúms. Einnig var ljóst að sökum smæðar íslensks málsamfélags voru engar líkur á að framleiðendur talgervla myndu sjá sér hag í að smíða talgervil fyrir íslensku á markaðslegum forsendum, sem er algengast þegar stærri málsamfélög eiga í hlut.

Talgervill - texti í tal

Talgervill er hugbúnaður sem breytir texta í tal. Talgervla er hægt að keyra á ýmiss konar vélbúnaði svo sem tölvum, fartölvum, símum, hraðbönkum, mp3 spilurum, sjónvarpstækjum og fleiru. Talgervillinn breytir texta á stafrænu formi í upplestur. Gæði talgervla eru metin út frá því hversu nálægt náttúrulegum upplestri talgervillinn les.

Í tilvikum þar sem ekki er tiltækur talgervill fyrir tiltekin tungumál er ljóst að staða þeirra sem ekki geta lesið með hefðbundnum hætti er mjög erfið og þeir munu vart eiga þess kost að vera að fullu virkir í nútímasamfélagi. Þeir hópar sem verst standa að vígi eru blindir, sjónskertir, lesblindir og fólk með aðrar fatlanir og/eða skerðingar sem hamla hefðbundnum lestri. Í sístækkandi heimi stafrænna upplýsinga eru samskipti við tölvur og fjölbreyttan tölvustýrðan búnað óðum að færast yfir í talað mál. Ljóst má því vera að þau tungumál sem ekki búa yfir nútíma máltækniverkfærum munu verða útundan og deyja stafrænum dauða, og þar með deyja út sem tungumál sem hægt er að notast við í nútíma samskiptum.


Stjórnun og skipulag verkefnisins

Verkefnisstjóri verkefnisins var Kristinn Halldór Einarsson, formaður Blindrafélagsins. Hann hafði veturinn 2009 - 2010 stundað nám í verkefnastjórnun við Endurmenntun Háskóla Íslands (EHÍ). Í því námi vann hann verkefni sem var verkefnaáætlun fyrir smíði á nýjum, íslenskum talgervli.

Þegar verkefninu var svo hleypt af stokkunum var það gert með því að stofna sérstakan stýrihóp fyrir verkefnið. Farið var eftir skilgreiningum verkefnaáætlunarinnar varðandi hagsmunaaðila og var þeim boðið að eiga sæti í stýrihópnum.

Hér má sjá mynd af skipuriti verkefnisins:

Skipurit



Skipurit verkefnisins var þannig að stjórn Blindrafélagsins var eigandi þess. Meginstjórnunareiningin var stýrihópur sem var undir formennsku Huldar Magnúsdóttur, forstjóra Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Í stýrihópnum áttu sæti sérfræðingar og fulltrúar frá fræðasamfélaginu, fulltrúar þeirra sem komu að fjármögnun og þeirra sem höfðu beina hagsmuni af verkefninu.

Undir stýrihópnum starfaði svo verkefnisstjóri sem stýrði verkefnahópi. Verkefnahópurinn sinnti í meginatriðum eftirfarandi þáttum:

- fjármálum og samningum
- kynningu og markaðsmálum
- framleiðslu, gæðamálum og samningum

Skipun verkefnahópsins tók breytingum eftir viðfangsefnum og því hvernig verkefninu vatt fram.

Verkefnastjóri hafði svo sér til stuðnings einstaklinga sem veittu tæknilegan stuðning og notendastuðning.

Meginskilgreiningar

Í upphafi verkefnisins þurfti stýri- og verkefnahópur að finna framleiðanda sem gæti mætt þeim meginþörfum og væntingum sem höfðu verið skilgreindar fyrir verkefnið. Kröfurnar tóku meðal annars mið af þeirri reynslu sem fengist hafði af smíði eldri íslenskra talgervla. Þessar kröfur voru:

- **Gæði:** Að hlustunargæði verði eins og best þekkest í erlendum hágæða-talgervlum og upplesturinn verði eins náttúrulegur og kostur er.
- **Notkunarvið:** Að talgervillinn geti unnið á helstu stýrikerfum sem eru í notkun.
- **Leyfisgjaldafyrirkomulag og eignarréttur:** Að talgervillinn verði þjóðareign og í vörslu Blindrafélagsins og þeir einstaklingar sem þurfa að nota talgervil og þær stofnanir sem sinna þjónustu við blinda, sjónskerta og aðra lesfatlaða, fái talgervilinn endurgjaldslaust.
- **Áframhaldandi þróun:** Að hægt verði að þróa talgervilinn áfram í samstarfi við aðila á Íslandi, svo sem Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.
- **Sveigjanleiki:** Að hægt verði, í samstarfi við framleiðanda, að flytja talgervilinn yfir á ný tæki og stýrikerfi þegar þau ná útbreiðslu og almennum vinsældum, eða uppfylla áður óuppfyllta þörf fatlaðra hvað varðar aðgengi að upplýsinga- og samskiptatækni.


Sérfræðingar verkefnisins

Helstu fræðilegu ráðgjafarnir í verkefninu voru: Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku við Háskóla Íslands, Jón Guðnason, doktor í rafmagnsverkfræði og sérfræðingur í talmerkjafræði við Háskólann í Reykjavík, Birkir Rúnar Gunnarsson og Hlynur Hreinsson, báðir sérfræðingar í tölvuhjálpartækjum fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Birkir er auk þess tölvuforritari og notandi tölvuhjálpartækja fyrir blinda og sjónskerta.

Val á framleiðanda

Að undangengnum fyrirspurnum, gæðamati og verðkönnun meðal helstu talgervilsframleiðenda í heiminum, voru fjórir framleiðendur skoðaðir sérstaklega: Acapella, Ivona, Lucuendo og Nuance. Út frá þeim megin­skilgreiningum sem settar voru fram fyrir nýjan íslenskan talgervil, var pólska fyrirtækið Ivona valið til að smíða talgervilinn. Bresku blindrasamtökin (RNIB) eiga í góðu samstarfi við Ivona og var þeirra innlegg og ráðgjöf mikilvæg þegar kom að því að velja framleiðanda.

Ivona fyrirtækið hefur fengið verðlaun fyrir talgervilsraddir sínar á sýningum á undanförunum árum. Frekari upplýsingar um fyrirtækið og sögu þess má finna á [heimasíðu Ivona](#) .



IVONA fyrirtækið kom langbest út úr áreiðanleikasamanburði sem tæknitímaritið ASR stóð fyrir árið 2011. Í þessum samanburði var IVONA talgervillinn borinn saman við talgervla frá Microsoft, AT&T, Nuance og fleiri. Þessi samanburður leiddi í ljós, að mati ASR tímaritsins, að IVONA er fremst í heiminum í framleiðslu talgervla. [Sjá fréttatilkynningu.](#)

Bætt lífsgæði

Nýju íslensku talgervilsraddirnar hafa nú þegar haft mikil og jákvæð áhrif á lífsgæði fjölmargra einstaklinga sem ekki geta lesið með hefðbundnum hætti, hvort sem er vegna blindu, sjónskerðingar, lesblindu, hreyfihömlunar eða af öðrum ástæðum. Áhrifin á þjónustu Hljóðbókasafns Íslands og þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hafa einnig verið mjög jákvæð.

Afnót af nýju íslensku talgervilsróddunum eru endurgjaldslaus fyrir þá sem þurfa á talgervli að halda sökum fötlunar eða lesblindu. Í upphafi árs 2014 hefur um 1000 leyfum verið úthlutað án endurgjalds. Þessu til viðbótar hafa margir skólar keypt leyfi til að hafa íslensku raddirnar uppsettar á tölvubúnaði sínum.

Stofnunum og fyrirtækjum sem sett hafa veflesara á vefsíður fer einnig fjölgandi. Þeirra á meðal eru: RÚV, Stjórnarráð Íslands og Tryggingastofnun ríkisins.

Íslensk málrækt

Tilvist vandaðs íslensks talgervils er mikilvæg íslenskri málrækt. Talgervlar ráða því hvernig íslenska er lesin í tölvuheiminum. Öll lifandi tungumál búa yfir vönduðum talgervli. Mikilvægi þess að til staðar sé vandaður íslenskur talgervill er meðal þess sem fjallað er um í Íslenskri málstefnu, gefinni út af Menntamálaráðuneytinu árið 2009 og stefnumótun Íslenskrar málnefndar frá 2012.

Dóra og Karl

Íslenski talgervillinn, sem smíðaður er af pólska fyrirtækinu Ivona, er með tveimur SAPI5 röddum, kvenmannsröddinni Dóru og karlmannsröddinni Karli. Talgervillinn getur unnið á windows stýrikerfinu, bæði 32 og 64 bita, Android stýrikerfinu fyrir farsíma og einnig á Apple tölvubúnaði. Apple í Bandaríkjunum þarf hins vegar að gefa leyfi svo hægt sé að setja talgervilinn á Apple tölvubúnað (OSX og iOS stýrikerfin) og það leyfi hefur ekki fengist þrátt fyrir mikinn þrýsting. Apple tölvubúnaður notast nær eingögu við Vocalizer raddirnar frá Nuance og Apple hefur mjög umfangsmikla stjórn yfir því hvað hægt er að keyra

á vél- og hugbúnaði fyrirtækisins. Af þeim sökum eru í dag engar íslenskar raddir sem hægt er að nota á Apple tölvubúnaði.

Eftirfarandi verkfæri eru fánleg með Dóru og Karli sem talgervilsröddum:

- [Textalesari](#) (hægt er að sjá myndband á heimasíðunni)
- [Veflesari](#)
- [Símrödd fyrir Android](#)
- [Fjölbreytt verkfæri fyrir fyrirtæki](#)

Hljóðdæmi:

Hér má hlusta á dæmi af upplestri Rögggu og Snorra, sem eru gömlu íslensku talgervilsraddirnar og upplestur Dóru og Karls, sem eru nýju Ivona raddirnar.

[HLUSTA](#)

Endurgjaldslaus úthlutun

Þeir sem eiga rétt á endurgjaldslausri úthlutun textalesarans eru blindir, sjónskertir, lesblindir og aðrir sem sökum skerðingar geta ekki lesið með hefðbundnum hætti. Úthlutun fer fram í gegnum Blindrafélagið, Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga og Hljóðbókasafn Íslands. Þjónustuþegar Miðstöðvarinnar eiga þess kost að fá aðstoð við uppsetningu talgervilsins. Félagsmenn Blindrafélagsins geta haft samband beint við Blindrafélagið. Þeir sem eru lesblindir þurfa að fá staðfestingu hjá Hljóðbókasafni Íslands um að þeir séu þar í þjónustu. Þá staðfestingu skal svo senda í netfangið afgreidsla@blind.is og verða þá nauðsynleg gögn og upplýsingar sendar notanda í tölvupósti.

Fjármögnunar- og samstarfsaðilar

Margir aðilar komu að verkefninu með Blindrafélaginu. Þar var um að ræða bæði fjármögnunar- og dýrmæta samstarfsaðila sem lögðu til þekkingu og gögn. Þessi breiða þátttaka var ekki síst að þakka þeim áherslum og þeirri ímynd sem verkefninu var skapað í upphafi, þ.e. að verkefnið væri til hagsbóta fyrir íslenska tungu. Það er ekkert sem er jafn ráðandi í sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar og tungumálið okkar, íslenskan. Í raun gekk mun betur að fjármagna verkefnið en verkefnaáætlun gerði ráð fyrir og var fjármögnun nánast að fullu tryggð mun fyrir í ferlinu en ráð hafði verið gert fyrir. Þer sem lögðu fé í verkefnið voru:

- Blindravinafélagið 5,0 m.kr.
- Framkvæmdasjóður fatlaðra 15,0 m.kr.
- Heilbrigðis-, mennta- og Velferðarráðuneyti 11,3 m.kr.
- Lions, landssöfnunin Rauða fjöðrin 19,3 m.kr.
- Öryrkjabandalag Íslands 10,0 m.kr.
- Styrktarsjóður Richards P. Thedórs og Dóru Th. Sigurjónsdóttur (erfðafjárgjöf til Blindrafélagsins) 25,0 m.kr.
- Samtals 85,6 m.kr.

Samstarfsaðilar sem lögðu til stuðning, þekkingu og gögn voru:

- [Þjónustu-og þekkingarmiðstöð](#) fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga
- [Hljóðbókasafn Íslands](#) (áður Blindrabókasafnið)
- [Íslenskur orðasjóður](#) við Háskólann í Leipzig
- [Gervigreindarsetur Háskólans í Reykjavík](#)
- [Félag lesblindra á Íslandi](#)
- [Máltæknisetur](#)
- [Royal Institute of Blind People \(RNIB\)](#)
- [Sofnun Árna Magnússonar](#)

Sérstakur verndari verkefnisins var frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands.

Reykjavík 13. mars 2014.



Kristinn Halldór Einarsson
formaður Blindrafélagsins,
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi